


Reykjavík, 12. nóvember 2021  
PON21080016

Til borgarráðs  
Ráðhúsi Reykjavíkur

***Efni: Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um allsherjar innleiðingu á fjarfundarbúnaði - R21050181.***

Vísað er til bréfs, dagsett þann 4. ágúst 2021, þar sem óskað er eftir svörum frá Þjónustu- og nýsköpunarsviði um áætlanir þess vegna allsherjar innleiðingu á fjarfundarbúnaði.

F.h. Þjónustu- og nýsköpunarsviðs,



Kjartan Kjartansson  
Deildarstjóri stoð- og tækniþjónustu



Magnús Sigurðsson  
Deildarstjóri rekstrarþjónustu

Reykjavík, 12. nóvember 2021  
PON21080016

## SVAR

**Viðtakandi:** Borgarráð

**Sendandi:** Kjartan Kjartansson, deildarstjóri stoð- og tækniþjónstu UTR og Magnús Sigurðsson, deildarstjóri rekstrarþjónustu.

---

**Efni:** Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um allsherjar innleiðingu á fjarfundarbúnaði - R21050181.

Á fundi borgarráðs þann 24. júní 2021, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn frá Miðflokknum, sbr. 71. lið fundargerðar ráðsins s.d.:

*Samkvæmt bréfi til borgarráðs dags. 17. maí 2021 var óskað eftir að borgarráð heimilaði þjónustu og nýsköpunarsviði að fara í innkaup til að framhalda allsherjar innleiðingu á fjarfundarbúnaði fyrir 160 milljónir. Á fundi borgarráðs 10. júní var samþykkt að fjárheimildir sviðsins hækkuðu um 54.381.000 kr. vegna reksturs fjarfundarkerfa í stjórnsýsluhúsum borgarinnar og var kostnaðaraukinn fjármagnaður af kostnaðarlið 09205 ófyrirséð. Hin svokallaða neyðarstjórn Reykjavíkur tók ákvörðun um þau útgjöld og fór þar með framhjá borgarráði og borgarstjórn og kostnaðurinn var ekki færður í fjárhagsáætlun fyrir árið 2021 þrátt fyrir að stofnað hafi verið til útgjaldanna í byrjun mars 2020. Farið var í að kaupa fjarfundakerfið og búnað fyrir Cisco Webex, en allur tölvu- og skjábúnaður er leigður. Óskað er eftir sundurliðuðum kostnaði tæmandi talið hvernig þessar rúmu 214 milljónir skiptast.*

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar Þjónustu- og nýsköpunarsviðs með bréfi dagsett þann 4. ágúst 2021

**Svar:**

*Óskað er eftir sundurliðuðum kostnaði tæmandi talið hvernig þessar rúmu 214 milljónir skiptast.*

Eins og tiltekið er í fyrirspurninni sjálfri þá eru forsendur að baki fjárheimild þessara 214 m.kr. tilkomnar með tvennum hætti og er hér því svarað í tveimur liðum:

Tæmandi upptalning fyrirhugaðrar ráðstöfunar 160 m.kr. vegna verkefnisins Allsherjar innleiðing fjarfundabúnaðar.

Tæmandi upptalning ráðstöfunar 54,3 m.kr. vegna reksturs fjarfundakerfa í stjórnsýsluhúsum.



*Tæmandi upptalning fyrirhugaðrar ráðstöfunar 160 milljóna króna, vegna fjárfestingarverkefnisins Allsherjar innleiðing fjarfundabúnaðar.*

Bregðast þurfti hratt við neyðarástandi skapaðist á fyrsta ársfjórðungi 2020 vegna Covid-19. Lagabreytingar voru gerðar á sveitastjórnarlögum með það að markmiði að tryggja starfshæfi stjórnra sveitafélaga og auðvelda ákvarðanatöku. Skapa þurfti aðstæður fyrir starfsfólk til að halda fjarfundi milli stofnana borgarinnar, heimavinnandi starfsfólks, nefndar- og ráðsfundi og fundi borgarstjórnar á sama tíma og sóttvarnarreglur og fjöldatakmarkanir voru virtar.

Aðstæður, aðstaða og búnaður breyttust því hratt hjá þeim starfsmönnum og starfsstöðum sem mest þurftu á að halda en það var ekki algilt og hefur sum starfsemi og starfsstaðir setið eftir. Ábati fjarfunda og fjarvinnu eru að koma betur og betur í ljós eftir því sem tíminn líður og er verkefninu ætlað að festa þann ábata sem skapast í sessi og tryggja að hann skapi starfsemi borgarinnar áframhaldandi virði.

Leiðir að markmiðum verkefnisins eru margar og snúa að ótal örðum þáttum en einungis kaupum á fjarfundabúnaði. Verkefnið er hafið en þó skammt á veg komið. Búið er að móta helstu hluta verkefnisins og unnið er að því greina þær þarfir sem starfsemi borgarinnar hefur sem ekki er þegar mætt með núverandi uppsetningu.

## ***Verkhlutaáætlun – Lýsing og útlagður kostnaður***

### *Fjarfundabúnaður*

Þessi hluti verkefnisins nær til kaupa og uppsetningar á fjarfundabúnaði. Búið að festa kaup á þeim búnaði sem þörf var á fyrir hjá þjónustumiðstöð MVH, nýtt húsnæði Innri endurskoðunar og fundarrými á Höfðatorgi. Farið var í örútbod á þessum búnaði og er áætlaður heildarkostnaður þessara búnaðarkaupar: **kr. 8.514.799,- án vsk** (miðað við opnunardag tilboða). Ekki liggur fyrir áætlun um kostnað vegna uppsetningar. Óljóst er hvort þessi kostnaður bókist á árinu 2021 eða 2022 þar sem seinkun er á afhendingu búnaðar frá birgja vegna ástandsins í heiminum af völdum Covid-19.

Greining á þörfum starfsstaða fyrir fjarfundabúnað er unnin í samstarfi við stafræna leiðtoga á hverju sviði og er sú vinna hafin. Enginn sérmerktur kostnaður hefur fallið til undir þessum hluta verkefnisins.

### *Öryggi fjarfunda*

Þessi hluti verkefnisins nær til auðkenna- og aðgangsstýringa fyrir fjarfundi og vefstreymi. Enginn kostnaður hefur fallið til undir þessum hluta verkefnisins enn sem komið er.

### *Innleiðing fjarfundamenningar*

Þessi hluti verkefnisins nær til gerð fræðslu- og kynningarefnis auk kennslu fyrir starfsfólk. Enginn kostnaður hefur fallið til undir þessum hluta verkefnisins enn sem komið er.

### *Aðstaða til fjarfunda*

Þessi hluti verkefnisins nær til uppbyggingar á innviðum starfsstaða til fjarfunda öðrum en fjarfundabúnaðinum sjálfum sem stuðla að því að fjarfundir nýtist starfsfólki sem boðleg lausn. Enginn kostnaður hefur fallið til undir þessum hluta verkefnisins enn sem komið er.



### Aðrir liðir

Þessum lið verkefnisins er ætlað að mæta kostnaði fellur til en heyrir ekki undir aðra hluta verkefnisins. Enginn kostnaður hefur fallið til undir þessum hluta enn sem komið er.

### Heildarkostnaður

Á þessum tímapunkti hefur enginn kostnaður fallið til vegna verkefnisins en verkefnið hefur skuldbundið sig til að greiða fyrir fjarfundabúnað sem keyptur verður skv. niðurstöðu útboðs, þegar búnaður verður afhentur ásamt innleiðingu.

*Tæmandi upptalning ráðstöfunar á 54.381.000 milljónum króna, vegna reksturs fjarfundakerfa í stjórnsýsluhúsum.*

Snemma árs 2020 var rætt um og samþykkt á fundi neyðarstjórnar Reykjavíkurborgar að tryggja eins og hægt væri að unnt yrði að halda órofinni starfsemi innan borgarinnar við þær aðstæður að fólk gæti ekki lengur komið saman í hópum. Einnig við þær aðstæður að stór hluti starfsmanna í stjórnsýslu sem og umtalsverðs hluta annarrar þjónustu myndi vinna heiman frá sér eða við aðrar aðstæður en hefðbundið hafði verið fram að þeim tíma. Aðgerðin var liður í viðbrögðum við Covid-19 og hafði það að markmiði að tryggja að ekki yrði rof á mikilvægri starfsemi borgarinnar og að gangverk hennar almennt stöðvaðist ekki vegna faraldursins.

Reykjavíkurborg hóf markvissa innleiðingu fjarfundabúnaðar árið 2018 enda þótti þá ljóst að fjarfundir gætu þá þegar sparað ferðatíma og ferðalög og þannig haft áhrif inn umhverfismál og umferð í borginni ásamt því að nýta tíma starfsfólks betur. Einkum var á þessum tíma horft til stuttra funda. Það var því þegar búið að velja og innleiða kjarna fjarfundarlausna inn í starfsemina.

Sem viðbragð við því ástandi sem til kom í byrjun mars 2020 var í fyrstu settur upp búnaður í skilgreindum neyðarherbergjum en það var unnt að gera hratt þar sem búið var að vinna undirbúning og grunnvinnu. Þegar síðan að ljóst varð að framhald yrði á ástandinu var tekin ákvörðun um að setja upp fundarskjái þar sem enn vantaði og fjarfundabúnað í öllum stærri fundarherbergjum að Höfðatorgi og flestum fundarherbergjum í Ráðhúsi Reykjavíkur. Enda var til staðar mjög rík þörf og mikill þrýstingur frá starfsfólki í húsunum sem í mörgum tilfellum átti örðugt með að sinna vinnuskyldum sínum vegna skorts á aðstöðu. Útleiddir voru skjávarpar og fundartjöld sem ekki buðu upp á fjarfundi og innleiddir voru fundarskjáir, fjarfundabúnaður og streymisbúnaður fyrir þráðlausa vörpun myndefnis sem tengist jafn við símtæki, spjaldtölvur og fartölvur óháð framleiðanda.

Rekstrarþjónusta borgarinnar sér um rekstur fundarherbergja í stjórnsýsluhúsum Reykjavíkurborgar og leigir allan tölvu- og skjábúnað sem til þess þarf af upplýsingatækniþjónustu hennar (UTR) sem sér um miðlæg innkaup á upplýsingatækniþúnaði. Óskaði rekstrarþjónustan eftir hækkun fjárheimildar að upphæð 54.381.000 milljónir króna, í viðauka við fjárhagsáætlun 2021 til að standa straum af auknum kostnaði sem til féll vegna þessa. Var sú ósk lögð fyrir Borgarráð 10. júní 2020 og samþykkt.

Ofangreind hækkun skiptist með eftirfarandi hætti:

Ráðhús Reykjavíkur **13.878.799 kr.** á ári. Óskað var eftir því að viðbótarheimild yrði færð inn í ramma kostnaðarstaðs 01370 til að standa straum af viðbótarkostnaði vegna leigu á búnaði til fjarfunda í Ráðhúsi.

Höfðatorg **31.162.122 kr.** á ári. Óskað var eftir því að húsgjald hússins yrði hækkað sem næmi þessari upphæð á ári og að leigugreiðendur eins og þeir eru skilgreindir í dag fengju kostnaðinn bættan í sínum ramma miðað við núverandi hlutfallstölu.



Höfði **69.057 kr.** á ári. Óskað var eftir því að viðbótarheimild yrði færð inn í ramma kostnaðarstaðs 08520 til að standa straum af viðbótarkostnaði vegna leigu á búnaði til fjarfunda í Höfða.

Ráðhús og Höfðatorgi **3.625.830 kr.** Einskiptiskostnaður vegna kaupa á gagnvirkum upplýsingaskjáum fyrir fundarherbergi í húsunum.

Ráðhús **5.644.757 kr.** á ári. Endurnýjun Tjarnarsals til fimm ára, svo tryggja mætti aðstöðu og aðbúnað notenda salarins.

Virðingarfyllst,

Kjartan Kjartansson  
Deildarstjóri stoð- og tækniþjónustu

Magnús Sigurðsson  
Deildarstjóri rekstrarþjónustu